

Ed.

447. Nefndarálit

um frumvarp til laga um bifreiðaskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála háttv. meðnefndarmönnum mínum um frumvarp þetta og legg til, að það verði samþykkt.

Það er orðið mjög alment álit, síðan farið var að nota bifreiðar hjer á landi, að þær spilli vegum meira en önnur farartæki; og þótt nokkrir sjeu, er halda hinu gagnstæða fram, býst jeg ekki við, að því verði mótmælt með rökum, að vegir fyrir bifreiðaumferð þurfi að vera betur gerðir og því dýrari en vegir fyrir hesta og hestvagna. Og ef menn geta fallist á þetta, er þá ekki með því viðurkennt, að bifreiðar sliti vegum meira en önnur flutningatæki?

Þá er á það að lita, að eins og skatturinn er nú ákveðinn í frumvarpinu, verður ekki sjeð, að hann þurfi að hækka, nema þá að örlitlu leyti, fargjöld og farmgjöld með bifreiðum, þar sem beint á að verja honum »til að gera slitlag á vegum utan kaupstaða úr grjótmulningi, tjörusteypu eða öðru efni, er hæfir umferð bifreiða«.

Skatturinn á, með öðrum orðum, beinlínis að koma sömu farartækjum að notum og hann er goldinn af.

Taka má einnig fram í þessu sambandi, að þótt orð leiki á, að eigendur bifreiða setji fargjöld með þeim fullhá, sem afkoma þeirra yfirleitt virðist sanna, er því haldið fram af ýmsum, sem til þekkja og notað hafa bifreiðar, að ódýrara sje að terðast á þeim en hestum, og það fyrir hestaeigendur, hvað þá aðra.

Dálitið þykir mjer það undarlegt, að mótstöðumenn þessa frumvarps kalla það óhæfilegt af því, að það leggi skatt á framfarir, en hafa ekkert við það að athuga, þótt hátt útflutningsgjald sje lagt á allar framleiðsluvörur landsmanna, sem fluttar eru til útlanda, og halda því jafnvel fram sem mjög rjettlátum tekjustofni. En skyldi ekki með eins miklum rjetti, og vafaminni, mega telja það skatt á framförum eins og bifreiðaskattinn?

Þessi aðalástæða eða eina ástæða, sem borin er fram gegn frumvarpinu, er því einskis verð.

Jeg legg lítið upp úr Danmerkurför háttv. meiri hluta nefndarinnar, til að bera saman samgöngur þar og annað ástand við það, sem er hjer hjá oss; hygg að sá samanburður kynni að leiða það í ljós, að vjer þyrftum að breyta nokkuð mörgu, og fleiru en efnahagurinn leyfir, bæði um skattaálögur og annað, ef alt á, í einni svipan, að verða hjá oss alveg eins og hjá Dönum.

Virðist því alt tal háttv. meiri hluta um samgöngur hjá Dönum meira til gamans en gagns.

Alþingi, 30. apríl 1921.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari.